

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



Dags eftirlits	7.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Vigfússon	Staðsetning	269447,152 575484,402

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöðina og sest yfir mælingar og skráningar með Kristjáni stöðvarstjóra. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Allir geymar voru botnþykktarmældir árið 2009 og nýlega málaðir. Ástand geyma mjög gott. Olíugeymar standa í pró og loki í frárennsli þróar var lokaður. Bensíngeymar eru hysjaðir og því þaktir jarðvegi. Lagnir nr. 450.50.00, 450.60.00, 450.61.00, 450.68.00 og 450.69.00 voru þrýstiprófaðar á árinu.

Olíuleifar í frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki sem eru á olíubirgðastöðvum þar sem gegnumstreymi er minna en 5000 tonn á ári undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað og ákvæði um fljótandi innra þak. Stöðin á Patreksfirði fellur undir þetta ákvæði.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðing og hlið að stöðinni voru í lagi.

Vottunaraðili frá BSI kom í þessa stöð í sumar vegna vottunar á umhverfisstjórnunarkerfi Olíudreifingar hf. BSI gerði engar athugasemdir við mengunarvarnir stöðvarinnar.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 12.11.2014

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.